

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 35. TBL.

28. MAÍ 2010

20 ára afmæli Hvaleyrarskóla haldið hátíðlegt

Hvaleyrarskóli hélt upp á 20 ára afmæli sitt í morgun en nú er að ljúka 20. starfsári skólans. Afmældagskráin fór fram með skrudgöngu og margvíslegum atriðum í skólanum.

Dagskrár- og skemmtiatriði voru um allan skóla; í salnum var dansað, spilað og sungið, lesið og leikið fyrir gesti. Hægt var að taka þátt í fjöltefli á útisvæði auk þess sem boðið var upp á veltibilinn, popp, kandiflos, pylsur og drykki. Einnig var hægt að fá andlitsmálun. Á veggjum hengju myndir frá 20 ára sögu skólans.

Nýtt listaverk var afhjúpað sem útbúið var af nemendum skólans í samstarfi við verk- og listgreinakennara. Það var veggmynd (tré), búin til úr leirverkum ásamt ýmsum gildum sem skólinn stendur fyrir (sjá mynd).





FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 26. maí
209. fundur:

- Farið yfri stöðu mála í sam-
einingu skóla í Norðurbæn-
um.

Þetta var síðasti fundur
fræðsluráðs fyrir sveitar-
stjórnarkosningar. Formaður
þakkaði ráðsfólki og áheyrnar-
fulltrúum samstarfið á liðnu
kjörtímabili.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» **Bjartir dagar**, menningarhátíð Hafnarfjarðar, hefst í næstu viku. Setning hátíðarinnar fer fram á Thorsplani miðvikudaginn 2. júní upp úr kl. 10. Fimmtudaginn 3. júní hefst dagskrár-
önnur atriði hátíðarinnar sem standa til 6. júní. Margt er í boði og m.a. munu ljóðabækur með frumsömdum ljóðum og ljóðaskreytingum nemenda í 6. bekkjum liggja frammi til skoðunar og lestrar í ýmsum stofnunum og fyrirtækjum í miðbæ Hafnarfjarðar meðan á **Björtum dögum** stendur.



Sýning hjá nemendum fjölgreinadeildar



Sýning

Stórglæsileg sýning á verkum nemenda í fjölgreinadeild (9. og 10. bekkur) Lækjarskóla verður haldin miðvikudag 2. og fimmtudag 3. júní frá kl. 14 - 17 báða dagana. Sýningin er haldin í húsnæði deildarinnar í Menntasetrinu við Lækinn (áður Lækjarskóli), jarðhæð. Þar verða sýnd stórbrotin hugmyndavinna, hönnun og handverk sem kveikir í hugmyndaflugi þeirra sem sjá hana.

Kaffihús verður á staðnum, heimabakaðar kræsingar á 500 krónur fyrir ferðasjóð deildarinnar. Allir eru velkomnir á sýninguna.



Myndin er frá sýningu fjölgreinadeildarinnar sl. vor þegar menntamálaráðherra, Katrúin Jakobsdóttir, skoðaði sýningu deildarinnar. Ásamt ráðherra er á myndinni Kristín M. Indriáadóttir, deildarstjóri fjölgreinadeildarinnar.



Tilkynning vikunnar

4. bekkingar grunnskólanna taka þátt í opnun menningarhátíðar bæjarins, **Bjarta daga**, á Thorsplani miðvikudaginn 2. júní kl. 10. Allir eru velkomnir þangað.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
4. júní 2010

Áhugaverður og fróðlegur sagnavefur



Vefhornið

Rómarvefurinn er fræðslu- og affreyngarvefur um rómverska menningu og sögu. Hann miðlar margvíslegu efni um áhugaverða sögu og ýmislegt sem tengist Ítalíu og mannlífi þar fyrr á öldum. Þetta er vefur sem

nýtist vel í landafræði- og sögukennslu auk þess að vera tilvalinn til að skoða fyrir þá sem ætla að sækja Ítalíu heim. Auk þess fjallar vefurinn ítarlega um ýmsa þætti rómverskrar menningar, s.s. matargerðarlist Ítala.

Að baki vefnum liggja meira en 200 vefsíður (samkvæmt upplýsingum á vefnum sjálfum).

Einstaklega vel gerður og fróðlegur vefur sem flettur saman landafræði, sögu og menningu.



vii. árgangur

VEFSLÓÐ: <http://romarvefurinn.is/>

